



Reykjavík, 24. apríl 2026

USK25090146

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa skipulags- og byggingarmála

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 10. september 2025, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins

Óskað er eftir upplýsingum um byggingu fyrirhugaðrar bálstofu í Gufuneskirkjugarði. Hver er staða málsins í kerfinu? Hvar er fyrirhugað að bálstofan rísi og hversu nálægt verður hún íbúabyggð? Hvernig verður staðið að samráði við íbúa í málinu? Verður tillit tekið til þeirra athugasemda, sem íbúar í Rimahverfi hafa nú þegar gert vegna málsins?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar, umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu skipulags- og byggingarmála, dags. 17. september 2025.

Svar:


Ekkert mál er í vinnslu hjá skrifstofu skipulags- og byggingarmála vegna bálstofu í Gufuneskirkjugarði.

Í deiliskipulagi Gufuneskirkjugarðs, samþykkt í borgarráði 29. febrúar 2000 með síðari breytingum, er gert ráð fyrir þjónustubyggingu sem á að mæta margvíslegum þörfum. Meðal annars er gert ráð fyrir rekstri líkhúss og bálstofu. Byggingarreitur þjónustubyggingarinnar er skilgreindur á lóð sunnan við kirkjugarðinn, norðan við Hallsveg. Byggingarreiturinn er tæplega 9.000 m² að stærð og minnsta fjarlægð í næstu íbúðarhús er u.þ.b. 120 m. Þar sem embættinu hefur ekki borist byggingarleyfisumsókn vegna byggingar þjónustubyggingar og bálstofu er ekki hægt að svara með nákvæmum hætti hversu nálægt íbúðarbyggð möguleg bálstofa yrði.


Rekstur bálstofu er því heimilaður skv. gildandi deiliskipulagi en er háður starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd. Þegar og ef skrifstofu skipulags- og byggingarmála berst umsókn um byggingarleyfi fyrir bálstofu verður farið með umsóknina skv. þeim lögum og reglum sem um málsmeðferðina gilda.



Reykjavík



Deiliskipulag kirkjugarðs í Gufunesi frá 2000. Lóð og byggingarreitur þjónustubyggingar merktur A.



Deiliskipulagsbreyting frá 2006. Afmörkun lóðar og byggingarreits fyrir þjónustubyggingu breytt.

Virðingarfyllt,
Brynjar Þór Jónasson
Skipulags- og byggingarfulltrúi Reykjavíkur
Umhverfis- og skipulagssvið